

## AUGLÝSING

### um óverulega deiliskipulagsbreytingu í Hrunamannahreppi.

*Óveruleg breyting á deiliskipulagi Hofatúns á Flúðum í Hrunamannahreppi.*

Samkvæmt 2. mgr. 26. gr. og 7. mgr. 43. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 samþykkti sveitarstjórn Hrunamannahrepps þann 3. desember 2003 óverulega breytingu á deiliskipulagi Hofatúns á Flúðum. Við grenndarkynningu samþykktu lóðarhafar í Hofatúni breytinguna fyrir sitt leyti með áritun á uppdrátt.

Deiliskipulagsbreytingin nær til Miðhofs 1, 3, 5, 7, 9, 11 og 13 og Suðurhofs 5 og 7. Húsgerð P-1+ við Miðhof fellur burt úr deiliskipulaginu og ný húsgerð P-1a kemur í staðinn. Raðhús R-1 við Miðhof breytist í parhús P-1a. Einnig breytast parhús við Miðhof 1 og 3 og við Suðurhof 5 og 7 úr parhúsi P-1 í parhús P-1a. Lítilsháttar breytingar verða innbyrðis á lóðamörkum ofantalinna lóða.

Uppdrættir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um. Skipulagið öðlast þegar gildi.

*Laugarvatni, 9. janúar 2004.*

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

**Arinbjörn Vilhjálmsson.**